

Miðvikudaginn 18. júní 1997.

Nr. 239/1997. **Sameinaði lífeyrissjóðurinn**
(Guðjón Ármann Jónsson hrl.)
gegn

Ingibjörgu Jósefsdóttur
(Valgeir Kristinsson hrl.)

Kærumál. Aðför. Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. maí 1997, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að henni yrði heimilað að ná úr vörslum sóknaraðila með aðfarargerð veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 2.150.000 krónur, út gefnu 18. maí 1994 af Ingibjörgu M. Ragnarsdóttur til Ingibjargar Jósefsdóttur og tryggðu með 4. veðrétti í íbúð á 1. hæð til hægri að Hólabraut 3 í Hafnarfirði. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Krefst sóknaraðili þess, að fyrrgreindri kröfu varnaraðila verði hafnað. Hann krefst einnig málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Hún krefst einnig kærumálskostnaðar.

Í kæru vísar sóknaraðili til þess, að í 78. gr. laga um aðför, sem varnaraðili reisi málatilbúnað sinn á, séu ríkar kröfur gerðar til þess, að málsatvik séu upplýst og réttur gerðarbeiðanda skýr, svo að heimilt sé að taka kröfur hans til greina. Þessu sé hér ekki til að dreifa, því að sitthvað sé óljóst og óupplýst í málinu. Þannig þurfi til dæmis að kanna þær ástæður, sem lágu því að baki, að áðurnefnt skuldabréf var gefið út, en óumdeilt sé, að það sé ófalsað og hafi jafnframt verið þinglýst. Sé augljóst, að ætlunin hafi verið að selja bréfið hjá verðbréfasala, enda útbúið hjá slíku félagi og skuldabréfaform þess notað. Þá sé óhjákvæmilegt að líta til tengsla þeirra, sem koma við sögu í málinu, en upphaflegur kröfuhafi, skuldari og

sá, sem dóm hafi hlotið fyrir að falsa umboð til að framselja bréfið, séu skyldir í beinan legg, og sé augljós tilgangur með aðför að koma fasteign skuldara undan nauðungarsölu. Þessi aðstaða valdi því, að nauðsynlegt sé að kanna málavöxtu nánar, til dæmis ráðstöfun fjármuna, sem fengust fyrir skuldabréfið, en líkur bendi til, að andvirði þess hafi verið notað í þágu skuldara bréfsins, en ekki þess manns, sem dæmdur var fyrir að falsa umboð.

Fallist verður á með sóknaraðila, að varhugavert sé, að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja og heimilt er að afla í máli samkvæmt 13. kafla laga nr. 90/1989. Vafi í þessum efnum leiðir til, að synja ber um aðför, sbr. 3. mgr. 83. gr. laganna. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og hafnað kröfu varnaraðila um aðför.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Ingibjargar Jósefsdóttur, um, að henni verði heimilað með aðför að ná úr vörslum sóknaraðila, Sameinaða lífeyrissjóðsins, veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 2.150.000 krónur, út gefnu 18. maí 1994 af Ingibjörgu M. Ragnarsdóttur til Ingibjargar Jósefsdóttur og tryggðu með 4. veðrétti í íbúð á 1. hæð til hægri að Hólabraut 3, Hafnarfirði.

Málkostnaður í héraði og kærumálkostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 30. maí 1997.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, barst dóminum með aðfararbeiðni lögmanns sóknaraðila, Ingibjargar Jósefsdóttur, kt. 040914-7149, Álfaskeiði 45, Hafnarfirði, dagsettri 1. apríl sl. Varnaraðili er Sameinaði lífeyrissjóðurinn, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þá kröfu, að sér verði með beinni aðfarargerð fengin umráð yfir veðskuldabréfi, að fjárhæð 12.150.000 krónur, út gefnu 18. maí 1994 af Ingibjörgu M. Ragnarsdóttur, kt. 090642-3169, Hólabraut 3, Hafnarfirði, til Ingibjargar Jósefsdóttur, kt. 040914-7149. Skuldabréfið er tryggt með 4. veðrétti í íbúð Ingibjargar M. Ragnarsdóttur á 1. hæð til hægri að

Hólabraut 3, Hafnarfirði. Skuldabréfið er til fimmtán ára með verðtryggingarákvæðum og grunnvísitölu 3347. Krafist er málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi auk 24,5% virðisaukaskatts.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og varnaraðila úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins.

Málsatvik.

Umrætt veðskuldabréf var framselt gerðarþola af Handsali hf. 7. júní 1994 með árituninni: „Samkv. varðv. umboði“, Handsal (og ólæsilegri skammstöfun). Með tilgreindu umboði mun vera átt við umboð frá Ingibjörgu Jósefsdóttur til Handsals hf., dagsett 7. júní 1994. Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að umboðið sé falsað. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. desember 1996 í sakamálinu nr. 923/1996 kemur fram, að Kristinn Ragnar Kristinsson, kt. 020360-3999, hafi falsað umrætt umboð með því að falsa nafn móðurömmu sinnar, Ingibjargar Jósefsdóttur, sem umboðsgjafa og útgefanda auk nafns Guðnýjar Björgvinsdóttur sem vitundarvotts. Sóknaraðili krafði verðbréfafyrirtækið Handsal um afhendingu skuldabréfsins með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 24. janúar 1997, en erindinu var ekki svarað. Íbúðin að Hólabraut 3 er nú í uppboðsmeðferð að kröfu Sameinaða lífeyrissjóðsins á grundvelli veðskuldabréfsins. Við fyrirtöku nauðungarsölubeiðinnar og byrjun uppboðs á eigninni mótmælti lögmaður skuldara framgangi þess. Hefur framhaldssölu á eigninni oft verið frestað að ósk lögmannsins.

Sóknaraðili skírskotar til þess, að með því að umrætt skuldabréf hafi komist í hendur varnaraðila fyrir falsað umboð, hafi varnaraðili ekki öðlast eignarrétt að skuldabréfinu að lögum og verði að hlíta því að afhenda bréfið löglegum eiganda þess, sem er sóknaraðili. Vísar hann því til stuðnings til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og réttarreglna um yfirfærslu eignarréttar og réttarreglna um brígðarétt. Til stuðnings kröfu sinni hefur hann lagt fram endurrit af dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem dæmdi Kristni Ragnari Kristinssyni áfelli fyrir að hafa falsað umboð það, sem framsal hins umþrætta bréfs í máli þessu byggist á.

Varnaraðili styður mál sitt því, að synja beri um afhendingu bréfsins, þar sem réttindi sóknaraðila yfir hinu umrædda veðskuldabréfi séu ekki svo ljós og skýr, að færðar verði sönnur á þau með þeim gögnum, sem heimilt sé að afla í máli þessu. Um sé að ræða afhendingu á ófölsuðu viðskiptabréfi, sem framselt hafi verið á nafn varnaraðila, og gangi því hagsmunir viðskiptalífsins í þá átt, að gerðar verði strangar kröfur til sönnunar sóknaraðila um rétt sinn. Óumdeilt sé og viðurkennt af skuldara og sóknaraðila,

að skuldabréfið sjálft sé fullgilt viðskiptabréf og undirskriftir á því ófalsaðar. Umboðið sé ekki sýnilega ófullnægjandi, og geti sóknaraðili ekki beint nokkrum kröfum að varnaraðila með stoð í heimildarskorti verðbréfafyrirtækisins, sem framseldi skuldabréfið. Ekki verði fallist á þann skilning, að sönnun um falsað umboð liggi fyrir. Rétt sé, að fyrir liggi játning Kristins Ragnars Kristinssonar um fölsun umboðsins. Ekki sé slík játning fullgild sönnun og héraðsdómur á engan hátt bundinn af sakarmati í refsímáli, komi til umfjöllunar um gildi umboðsins í þessu máli. Margvísleg atvik bendi hins vegar til þess, að umboðið hafi ekki verið falsað. Óhjákvæmilegt sé að líta til tengsla þeirra aðila, sem að fölsunarmálinu koma. Sóknaraðili sé móðir skuldara bréfsins og sá, sem játaði á sig fölsunina, sonur skuldans. Líklegt sé, að skuldari myndi hagnast verulega, ef aðfararbeiðni þessi næði fram að ganga. Engu breyti, hvort umrætt umboð sé falsað eða ekki, við framsal bréfsins hafi varnaraðili öðlast eignarrétt yfir því. Um sé að ræða fullgilt skuldabréf og óumdeilt, að undirskriftir á því séu ófalsaðar. Varnaraðili hafi verið grandlaus framsalshafi bréfsins, og umrætt umboð fylgdi ekki með veðskuldabréfinu við framsal þess til varnaraðila. Á varnaraðila hafi ekki hvílt nein skylda til þess að athuga sérstaklega umboðið, sem lá að baki framsali bréfsins. Um sé að ræða viðskiptabréf, og nái brígðaréttur ekki til þess, þegar bréfið sé afhent grandlausum þriðja manni, heldur gangi traustfangsreglur þeim framar. Ekki sé um deilt, að framsal það, sem áritað er á bréfið, er ófalsað.

Niðurstöður.

Í málinu þykir rétt með vísan til fram lagðs dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. 923/1996 að leggja til grundvallar, að sönnunarbyrðin fyrir því, að umboð það, sem framsal umrædds viðskiptabréfs byggðist á, hafi verið ófalsað, hvíli á varnaraðila, sbr. ákvæði 4. mgr. 116. gr. laga 91/1991. Var ákærði í því máli dæmdur fyrir að hafa falsað áðurnefnt umboð. Hefur varnaraðili ekki fært fram nein gögn til stuðnings þeirri sönnunarskyldu. Er því við það miðað, að áðurnefnt umboð sé falsað.

Í máli því, sem hér er til umfjöllunar, er um gildi framsals á nafnbreði að tefla. Er sóknaraðili, Ingibjörg Jósefsdóttir, skráður kröfuhafi, en varnaraðili, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, fékk bréfið í sínar hendur á grundvelli framsals samkvæmt ofangreindu umboði.

Að mati dómsins gildir hér sú regla, að framsal á slíku bréfi, reist á fölsuðu umboði, skuli meta sem óskráð væri gagnvart skráðum eiganda nafnbrefs. Verður samkvæmt þessu að taka til greina mótbáru sóknaraðila gagnvart gildi framsalsgerningsins.

Sóknaraðili, Ingibjörg Jósefsdóttir, er skráður kröfuhafi í texta veð-

skuldabréfsins og telst því formlegur eigandi þess. Hefur henni, eins og nú hefur verið rakið, tekist að sýna fram á með fyrirbyggjandi gögnum, að réttur hennar til bréfsins sé nægilega ljós til þess að fallast beri á kröfu hennar um, að henni verði heimilað með beinni aðfarargerð að ná umráðum bréfsins, sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðila til þess að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sóknaraðila, Ingibjörgu Jósefsdóttur, er heimil bein aðfarargerð til þess að ná úr vörslum varnaraðila, Sameinaða lífeyrissjóðsins, veðskuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 2.150.000 krónur, út gefnu 18. maí 1994 af Ingibjörgu M. Ragnarsdóttur, Hólabraut 3, Hafnarfirði, til Ingibjargar Jósefsdóttur og tryggðu með 4. veðrétti í íbúð á 1. hæð til hægri að Hólabraut 3, Hafnarfirði.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 100.000 krónur í málskostnað.
